



## Inngangur að riti um grunnskólakennara

Höfundar: Hafdís Guðjónsdóttir,  
Jónína Vala Kristinsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir

### Sögur af öflugum, hugmyndaríkum og skapandi kennurum

Það greinasafn sem hér birtist hefur fengið titilinn *Þau skiptu máli – sögur grunnskólakennara*. Markmiðið var að gefa út rit um grunnskólakennara sem hafa vakið athygli fyrir störf sín við kennslu í þeim tilgangi að halda á lofti eftirtektarverðu skólastarfi og gefa næstu kynslóðum kennara tækifæri til að kynnast starfi fyrirmyndarkennara.

Við höfundar þessarar yfirlitsgreinar að ritinu höfum allan okkar starfsferil unnið sem kennarar, fyrst í grunnskóla og síðar við kennaramenntun. Á kennsluferlinum í grunnskóla kynntumst við mörgum framsæknum kennurum og fengum tækifæri til að taka þátt í margs konar þróunarstarfi. Í starfi okkar með kennaranemum höfum við endurtekið orðið varar við að þeir telja margir að skólastarf á Íslandi hafi alltaf verið hefðbundið og litlar framfarir orðið. Þegar við höfum kynnt þeim skapandi vinnubrögð sem byggja á samvinnu og sýn á nemendur, sem öflug gerendur í eigin námi, höfum við oft heyrt setningar eins og: „Ég vildi að við hefðum fengið að vinna svona þegar ég var í skóla. Við vorum alltaf bara að vinna verkefni í vinnubókum, áttum að vinna þegjandi og sitja stillt og þrúð.“ Þetta hefur vakið okkur til umhugsunar um hve mikilvægt er að raddir kennara fái að heyrast og þeir fái að segja sögur sínar. Í rannsóknum okkar höfum við allar valið að vinna með kennurum og rýnt í hvernig jákvæð sýn þeirra á menntun og öflugt þróunarstarf getur leitt til þess að skapa námsumhverfi þar sem nemendur fá að njóta sín á eigin forsendum. Niðurstöður þeirra rannsókna hafa orðið til þess að efla trú okkar á að mikilvægt sé að birta sögur framsækinna kennara sem hafa verið öflugir í þróunarstarfi og nýtt reynslu sína til að stuðla að samvinnu kennara.

Hugmyndin að bók eða greinasafni varð til og skyldi hver grein fjalla um einn kennara sem segði sögu sína og hvernig hann hefði unnið starf sitt. Við fengum til liðs við okkur samstarfsfólk okkar sem við vissum að hefði unnið með kennurum sem höfðu áhugaverða sögu að segja. Hver rannsakandi valdi kennara til þátttöku og hafði að leiðarljósi við valið að þeir væru eða hefðu verið sjálfstæðir í starfi, ekki látið segja sér fyrir verkum umhugsunarlaust, tekið af skarið varðandi kennslumál, verið frumkvöðlar og óhræddir við að prófa sig áfram í kennslu. Afskrá sturinn birtist hér í greinasafni þar sem sagt er frá starfi 10 kennara.

Við byrjum á að kynna efni ritsins með stuttri samantekt um hverja grein. Fyrst er fjallað um kennara sem hófu kennslu um miðja síðustu öld, næst um þá sem byrjuðu síðar og í lokin um kennara sem hóf kennslu á 21. öld. Þá fjöllum við um rannsóknaraðferðir sem höfundar greinanna byggja á við rannsóknir sínar á störfum kennaranna. Síðan vörpum við ljósi á hvernig þróun menntastefnu á Íslandi birtist í lögum og námskrám á þeim tíma sem kennararnir störfuðu og drögum að lokum saman hvernig við sjáum hana birtast í frásögnum kennaranna.

## Samantekt á efni greina um grunnskólakennara

### Framsækinn kennari sem hlúði að nemendum: Jón Freyr Þórarinnsson

Höfundar greinarinnar, Hafdís Guðjónsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir, segja frá Jóni Freyri Þórarinssyni sem var umsjónarkennari þeirra í barnaskóla á árunum 1960 til 1965 og hafði mikil áhrif á sýn þeirra á nám og kennslu. Þær segja frá því að Jón Freyr hafi verið gagnrýninn á þau vinnubrögð sem tíðkuðust við upphaf kennsluferils hans eins og að raða nemendum í bekkir eftir einkunum á prófum. Jón Freyr lagði áherslu á leitarnám, skapandi vinnubrögð, samvinnu og samkennd meðal nemenda sinna. Höfundar draga fram ýmsar minningar úr skólastarfinu hjá Jóni Freyri og segjast hafa áttað sig á að áherslur hans væru óvenjulegar á þeim árum. Í greininni eru fjölmörg dæmi um framkvæmd kennslu Jóns Freys og ljósmyndir sem sýna fjölbreytt verkefni og viðfangsefni. Jón Freyr lagði sig fram um að styðja alla nemendur og hugaði vel að þeim sem þurftu á stuðningi að halda. Hópvinna, söngur, ferðalög, dans, ljósmyndaklúbbur, bekkjarskemmtanir og annað félagsstarf voru allt þættir sem hann stóð fyrir til að styrkja samheldni bekkjarins. Frásögn Hafdísar og Jónínu Völu sýnir að kennsluhættir Jóns Freys voru framsæknir og að vinna hans með nemendum lagði grunninn að sterkum félagslegum tengslum bekkjarfélaganna sem þær upplifðu sjálfar.

### „Það var bara svo gaman að kenna“: Matthildur Guðmundsdóttir, kennari og kennsluráðgjafi

Jónína Vala Kristinsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir skrifa um Matthildi Guðmundsdóttur sem hóf kennslu í Ísaksskóla árið 1955, kenndi síðar í Laugarnesskóla og lauk starfsferlinum sem kennsluráðgjafi á fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Matthildur fylgdist vel með nýjungum í kennsluháttum og framförum í skólastarfi frá upphafi kennsluferils síns og tileinkaði sér þær í kennslu sinni. Hún lagði áherslu á skapandi vinnubrögð, tengsl við nærumhverfi nemenda og að þeir öfluðu sér þekkingar með rannsóknnum á því. Hún leitaði eftir samstarfi við fagfólk á sviði menntamála og þegar hún tók við starfi kennsluráðgjafa lagði hún sig fram um að nýta sér þá reynslu og þekkingu sem hún hafði aflað sér á kennsluferlinum. Hún var ötul við að halda námskeið fyrir kennara, veita faglega ráðgjöf og styðja við þróunarstarf í grunnskólum Reykjavíkur. Í frásögnum Matthildar af starfi sínu er gleðin í fyrirrúmi, áræðni og hugmyndauðgi og ánægjan af samstarfi við nemendur og kennara kemur skýrt fram.

### Starfsævinni að ljúka og eldmóðurinn sem aldrei fyrr: Hlín Helga Pálsdóttir, grunnskólakennari

Gunnhildur Óskarsdóttir fjallar um Hlín Helgu Pálsdóttur, sem hóf kennslu í Æfingaskóla Kennaraháskólans á áttunda áratugunum, síðar Háteigsskóla. Hún kenndi einnig kennaranemum sem hún deildi þekkingu sinni með og reynslu af kennslu ungra barna. Hlín lagði áherslu á teymiskennslu og vann alltaf í kennarateymi sem bar sameiginlega ábyrgð, bæði á kennslunni og nemendahópnum. Hún lagði áherslu á verklega kennslu í náttúrufræði þar sem nemendur tjá hugmyndir sínar, skipuleggja, framkvæma og álykta út frá athugunum sem þeir sjálfir taka þátt í. Útikennsla og valsvæði voru hluti af kennsluskipulagi hennar þar sem nemendur fá að dýpka skilning sinn á því sem þeir hafa áhuga á og vinna eftir eigin getu og þroska. Í greininni er frásögn af kennslu Hlínar þar sem nemendur hennar í 3. bekk gerðu tilraun með fallandi hluti. Umræður hennar og nemenda um tilraunina sýna glöggð hve vel henni tókst að glæða áhuga nemenda á verkefninu og þeir settu fram eigin tilgátur sem þeir sannreynu.

### „Það var enginn aðgerðalaus í skólastofunni hjá mér“: Ásta Egilsdóttir leik- og grunnskólakennari

Jóhanna Karlsdóttir fjallar um störf leik- og grunnskólakennarans Ástu Egilsdóttur, sem starfaði við Grundaskóla á Akranesi frá 1982 til 2019. Í frásögninni segir frá hugamyndaríkum og skapandi kennara sem af fagmennsku og útsjónarsemi skipulagði nemendamíða námsumhverfi. Í gegnum ígrundun á eigin starfi brást Ásta við þörfum nemenda sinna og skipulagði nám og kennslu sem

var í sífelldri þróun. Hún bauð upp á fjölbreytt viðfangsefni í kennslu sinni en í greininni er fjallað sérstaklega um nám og kennslu með einingakubbum, sjónrænt skipulag og námsstöðvar. Fræðilegur bakgrunnur í kennslu Ástu einkenndist af nemendamiðaðri hugmyndafræði þar sem nemandinn og auðlindir hans voru í forgrunni. Það kemur vel fram að einingakubbar Caroline Pratt, og hugmyndafræðin sem liggur að baki þeim, hafa haft mikil áhrif á Ástu og kennslu hennar. Þar er gert ráð fyrir að nemendur fái tækifæri til að vera virkir og skapandi í hugsun í gegnum hinn frjálsa leik. Segja má að þar fléttist saman þekking og reynsla leik- og grunnskólakennarans. Frásögnin af kennslu Ástu ætti að geta gefið kennurum ýmsar hugmyndir til að byggja á við þróun eigin kennslu.

### **Traust og samvinna um skapandi skólastarf í opnu og sveigjanlegu námsumhverfi: Margrét Einarsdóttir grunnskólakennari**

Torfi Hjartarson skrifar um Margréti Einarsdóttur grunnskólakennara og núverandi skólastjóra í Vesturbæjarskóla. Í greininni segir höfundur frá reynslu Margrétar af teymiskennslu og sveigjanlegu skólastarfi í opnum húsakynnum frá því snemma á 9. áratug síðustu aldar. Torfi dregur fram sýn Margrétar á samspil stjórnunar, kennslu og húsakynna eða annars námsumhverfis sem birtist í starfsferli hennar við nokkra íslenska grunnskóla. Í greininni sýnir hann með dæmum frá Margréti hvernig framsækin eða opin húsakynni og tækni hafa verið nýtt til að styðja við eða ýta undir samstarf kennara, teymiskennslu, samvinnu nemenda og verkefna miðað nám. Torfi rekur kennslustarf Margrétar frá kennslu hennar við Dalvíkurskóla, Langholtsskóla og Korpuskóla, þar sem hún tók við starfi aðstoðarskólastjóra og sinnti skólastjórn þar til hún færði sig um set og varð skólastjóri Vesturbæjarskóla. Í greininni má sjá hvernig reynsla og sýn grunnskólakennarans og skólastjórans Margrétar Einarsdóttur endurspeglar vel gildi samstarfs og teymisvinnu, þar sem kennsla er annars vegar og hins vegar áhugaverð áhrif nýstárlegra rýma á kennslu og nám. Saga Margrétar, sem Torfi teiknar upp, sýnir vel hvernig opin kennslurými og nýtileg svæði utan við kennslustofur geta auðveldað samstarf og fjölbreytta kennsluhætti, val um viðfangsefni, vinnustöðvar og skapandi vinnu bæði kennara og nemenda. Þá má greinilega sjá að þáttur stjórnenda, áhugi samkennara og skólamenning gegna lykilllutverki þegar efla á samvinnu og sveigjanlega kennsluhætti.

### **Að móta námsumhverfi í stærðfræði þar sem skapandi hugsun er í fyrirrúmi: Kristjana Skúladóttir stærðfræðikennari**

Jónína Vala Kristinsdóttir og Ólöf Björg Steinþórsdóttir fjalla um stærðfræðikennslu Kristjönu Skúladóttur en hún hefur lagt áherslu á að gefa nemendum sínum tækifæri til að beita skapandi hugsun við stærðfræðinámið. Kristjana kynntist hugmyndum um stærðfræðikennslu byggða á skilningi barna (SKSB) á námskeiði 1995 og í gegnum rannsóknarsamstarf. Í samvinnu við samstarfskennara sína í Melaskóla þróaði hún stærðfræðikennslu þar sem hún lagði áherslu á að velja þrautir sem gæfu nemendum tækifæri til að prófa sig áfram á hlutbundinn hátt og ræða um lausnaleiðir sínar. Kristjana þróaði kennsluna þannig að þegar hún og nemendurnir byrjuðu á nýju verkefni kallaði hún eftir hugmyndum frá þeim, bæði um verkefnið og hvernig þeir vildu vinna það. Hún lagði áherslu á að nemendur skráðu ferlið og veitti þeim stuðning við það. Í lok hvers verkefnis gaf hún nemendum tækifæri til að segja frá niðurstöðum sínum og lausnaleiðum. Það er áhugavert að lesa um samstarf Kristjönu við nemendur, samstarfskennara og rannsakendur og hvernig hún þróaði kennsluna með því að tengja framkvæmd og fræði.

### **Listkennsla sem fag: Guðrún Erla Geirsdóttir myndmenntakennari**

Margrét Elísabet Ólafsdóttir skrifar um Guðrúnu Erlu Geirsdóttur myndmenntakennara og myndlistarkonu. Margrét segir frá menntun Guðrúnar Erlu og reynslu hennar af myndmenntakennslu á árunum 1995–2017 í Langholtsskóla. Í greininni segir höfundur frá áhrifum námskráa á kennslu Guðrúnar Erlu, meðal annars aðalnámskránni 1999 þar sem lögð var áhersla á fagmiðaða kennsluhætti í myndlist og hvernig þær áherslur féllu vel að starfskenningu Guðrúnar Erlu sem er menntaður myndlistarmaður. Í gegnum sögu Guðrúnar Erlu rekur Margrét sögu myndlistarkennslu á Íslandi og hvernig skortur á námsefni í myndmennt ýtti á Guðrúnu Erlu að útbúa eigið námsefni fyrir

nemendur sína. Í greininni segir frá námsefnisgerð Guðrúnar Erlu sem tók mið af þrepamarkmiðum aðalnámskrár og hvernig hún byggði upp þekkingu og færni nemenda í gegnum allan grunnskólann. Fjöl margar lýsingar á verkefnum eru kynntar í greininni auk marga lýsandi ljósmynda í lit sem gefa henni aukið fagurfræðilegt gildi og dýpt. Greinin bætir við takmarkaðar rannsóknir á myndmenntakennslu á Íslandi og gefur kennurum fjölmargar hugmyndir um myndmenntakennslu sem byggja á faglegri þekkingu Guðrúnar Erlu og höfundar.

### **Frumkvöðull í nýsköpunarmennt: Rósa Gunnarsdóttir grunnskólakennari**

Svanborg Rannveig Jónsdóttir fjallar um Rósu Gunnarsdóttur og segir frá hugmyndum Rósu um nám og kennslu, sérstaklega þeim sem snúa að skapandi hugsun og eignun nemenda á hugmyndum sínum í skólastarfinu. Rósa var leiðandi í að innleiða og móta námssvið sem snerist um nýsköpunarnám og -kennslu í grunnskólum á Íslandi. Í greininni segir frá æskuárum Rósu, dvöl hennar í Akureyjum á sumrin, kennslu á Þingeyri og námi við Kennaraháskólann en þessa þætti telur Rósa hafa mótað sig sem kennara. Rósa hóf kennslu að loknu kennaraprófi árið 1993 við nýstofnaðan Foldaskóla í Grafarvogi í Reykjavík undir stjórn Ragnars Gíslasonar. Hún var ekki sátt við námsbækurnar í náttúrufræði og ákvað að kenna bókarlaust og taka mið af námsmarkmiðum námskrárinnar. Svanborg leiðir síðan lesandann í gegnum þróun nýsköpunarkennslu hjá frumkvöðlunum Rósu og Gísla Þorsteinssyni sem hófu samstarf og kenndu nýsköpun við sama skóla. Svanborg telur nálgun Rósu í kennarastarfinu og í nýsköpunarmennt vera eflandi kennslufræði með áherslu á nemendamíðað nám þar sem nemendum er veittur atbeini til að stýra námi sínu og kennarinn leitast við að ýta þeim til aukins sjálfstæðis.

### **„Skemmtilegasta kennslan er þegar einhver svona ‘aksjón’ er í gangi“: Eyrún Óskarsdóttir grunnskólakennari**

Edda Óskarsdóttir fjallar um grunnskólakennarann Eyrúnu Óskarsdóttur sem hefur víðtæka reynslu af kennslu á ólíkum stöðum á landinu, en hún hóf kennslu á tíunda áratug síðustu aldar. Hún hefur kennt í þéttbýli og dreifbýli, á stöðum sem hafa ólíkar áherslur og eru af ýmsum stærðum og gerðum. Þessi reynsla hefur aukið vísýni hennar, umburðarlyndi og skilning á fjölbreytileika nemenda. Eyrún leggur áherslu á að hlutverk kennarans sé að vekja áhuga nemenda og þeir eigi að upplifa að það sé gaman að læra. Henni finnst mikilvægt að nemendum líði vel í skólanum og að þeir séu öruggir. Í greininni segir Edda frá nokkrum verkefnum sem Eyrún hefur unnið með nemendum sínum þar sem hún samþættir námsgreinar og vinnur á skapandi hátt. Í gegnum sögurnar má sjá hvernig Eyrún hugar að auðlindum nemenda sinna og gefur þeim tíma og rými til að skapa og vinna á persónulegan hátt. Hún er leiðbeinandi og styðjandi við nemendur í sköpunarferlinu og setur þeim þann ramma sem þeir vinna innan. Það er áhugavert að kynnast viðhorfum og vinnubrögðum Eyrúnar og sjá hvernig hún nýtir sköpun til að gera námið áhugavert fyrir nemendur.

### **Kennari þarf að hafa áreiðanleg gögn í höndunum til að geta sagt hvort tiltekin hæfni hafi náðst: Linda Heiðarsdóttir, kennari og aðstoðarskólustjóri**

Meyvant Þórólfsson fjallar um Lindu Heiðarsdóttur sem hefur starfað sem grunnskólakennari frá árinu 2006 og er nú aðstoðarskólustjóri í Réttarholtskóla. Áhuga sinn á að gerast kennari telur hún sig eiga Sólveigu Sveinsdóttur kennara hennar í Laugarnesskóla að þakka. Áhersla Sólveigar á að kenna nemendum jákvæð samskipti höfðu djúpstæð áhrif á hana sem nemanda og síðar kennara. Linda hefur lagt metnað sinn í að þróa þekkingu sína á námsmati og beint sjónum sérstaklega að námsmati við lok skyldunáms. Fram kemur að hún er sátt við hugmyndir um námsmat í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013 þar sem gert er ráð fyrir að meta skuli víðtæka hæfni en ekki aðeins hlutlæga þekkingu. Hún telur að það reyni á faglega ábyrgð kennara að meta námshæfni nemenda með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. Samkvæmt reynslu hennar tengjast mörg álitamál framkvæmdinni, svo sem hvort hafa eigi skrifleg yfirlitspróf í lokin, eða byggja lokamatið á stöðugu mati jafnt og þétt. Að mati Lindu er flókið að leggja mat á hvenær hæfni telst náð og hún telur að ólíkar hefðir ríki við mat á mismunandi námssviðum. Linda er ánægð með að fá tækifæri til að leiða umræðu um námsmat í skóla sínum sem aðstoðarskólustjóri en hefur líka áhuga á að starfa við kennslu.

## Umföllun um rannsóknaraðferðir

Eigindleg aðferðafræði (e. qualitative methodology) var í öllum tilvikum lögð til grundvallar í þeim rannsóknum sem fjallað er um í greinum sérritsins. Eigindlegar rannsóknir eru reynslumiðaðar (e. empirical) þar sem gögnum er safnað um félagslega reynslu og viðhorf þátttakenda (Braun og Clarke, 2013).

### Þátttakendur

Markmiðið var að setja saman rit um grunnskólakennara með langa reynslu af skólastarfi til að tapa ekki þeirri þekkingu sem þeir búa yfir. Hver grein skyldi fjalla um einn kennara sem segði sögu sína og hvernig hann hefði unnið starf sitt. Hver rannsakandi valdi kennara til þátttöku og hafði að leiðarljósi við valið að þeir væru eða hefðu verið sjálfstæðir í starfi, ekki látið segja sér fyrir verkum umhugsunarlaust, tekið af skarið varðandi kennslumál, verið frumkvöðlar og óhræddir við að prófa sig áfram í kennslu. Rannsakendur fengu dæmi um hvernig þeir gætu kynnt rannsóknina fyrir þátttakendum og einnig eyðublað fyrir þátttakendur til að samþykkja þátttöku í rannsókninni, sem gat verið ýmist skriflegt eða munnlegt samþykki. 13 kennarar, 12 konur og einn karl, samþykktu þátttöku og náði kennslureynsla þeirra frá því um miðbik síðustu aldar til dagsins í dag. Frásagnir tíu kennara birtast í þessu sérítti.

### Gögn og gagnaöflun

Rannsakendur höfðu val um gagnaöflun og var bent á að efni og aðferðir gætu verið af ólíku tagi. Í greininum sem hér birtast nota allir rannsakendurnir viðtöl til að nálgast upplýsingar um kennslureynslu, viðhorf og sýn kennaranna sem þeir fjalla um. Viðtalsramminn var sveigjanlegur, spurningarnar sem lagt var af stað með í viðtölunum voru opnar og út frá þeim spunnust nýjar spurningar. Oft urðu viðtölin að samræðum eða óformlegu samtali þar sem rannsakandinn og viðmælandinn skiptust á reynslu og viðhorfum. Þetta gerist gjarnan þegar báðir aðilar þekkja vel til þess málefnis sem rætt er um (Braun og Clarke, 2013). Í flestum greinanna kemur fram að rannsakandi og kennari hittust nokkrum sinnum og ræddu saman um textann og efnistökin. Allir viðmælendurnir lásu textann yfir og oft leituðu höfundar til þeirra þegar ábendingar um ákveðin efnisatriði komu frá ritrýnum og yfirlesurum.

Í greininum er fjallað um kennara sem sumir hófu störf um miðja síðustu öld en aðrir á þessari öld, þannig að frásagnirnar ná samtals yfir 70 ára tímabil. Allar greinarnar í ritinu byggja á afturblikrýni (e. retrospective study), jafnvel þó að sú aðferðafræði sé aðeins nefnd í fáum greinanna (Ahouanménou-Agneh, 2002; McMillan Culp o.fl., 2005). Afturblik veitir innsýn í þróun, framkvæmd eða atburði sem er lokið (Dalmau og Hafðís Guðjónsdóttir, 2017; Glewwe o.fl., 2004). Eðlilegt var því að skoða gögn sem voru til, eins og kennsluáætlanir, myndir, verkefni nemenda og námsefni sem gagnaðist til að varpa ljósi á sögu kennaranna eða það sem þeir vildu koma á framfæri. Með því að rýna í fjölbreytt gögn sem náðu yfir ákveðið tímabil átti sér stað ákveðin margprófun sem styrkti áreiðanleika frásagnanna (Braun og Clarke, 2013).

Í sumum tilfellum var gögnum safnað með vettvangsathugunum. Aðrir rannsakendur nýttu sér nálgun í anda ævisögulegra lífssöguaðferða (e. life history method) þar sem gögnum sem lýsa ákveðnum tímamótum og tímabilum var safnað og athyglinni beint að því sem hefur haft áhrif á og mótað þátttakandann (Tierney og Lanford, 2019). Gögnin voru síðan nýtt í rýnisögur sem svöruðu rannsóknarspurningu eða uppfylltu markmið hvernar rannsóknar (Caine o.fl., 2013; Lichtman, 2013). Sumir tóku fyrir ákveðið tímabil í starfi eða kennslu kennarans og enn aðrir lögðu áherslu á að skoða ákveðna kennsluhætti til hlítar.

Við gagnagreiningu var aðferðum frásagnarrýni beitt með því að sögur þátttakenda voru skráðar og voru þær í upphafi nokkuð ítarlegar (Clandinin, 2013). Þar á eftir var unnið með rannsóknartextana og farið í gegnum ákveðið ferli þar sem textarnir voru endurunnir þar til lokaútgáfan var tilbúin. Við úrvinnsluna mótuðust textarnir í eftirfarandi skrefum; upplifa (e. living), segja frá (e. telling),

endursegja (e. retelling), ígrunda (e. reflect) og endurupplifa (e. reliving), sem var síðasta skrefið (Clandinin, 2006). Að endingu var lokatextinn skráður sem rýnisögur. Þetta ferli var unnið í nánú sambandi við þátttakendur og þá bættust stundum við ný gögn til nánari útskýringar á því sem fjallað var um. Í öllum greinum sem birtar eru í þessu riti má greina merki þess að höfundar hafi haft þetta ferli til hliðsjónar.

## **Siðfræði**

Viðmið Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, 2019) um að valda ekki skaða, upplýsa þátttakendur, sýna virðingu og trúnað voru höfð að leiðarljósi. Þátttakendur gáfu samþykki fyrir þátttöku sinni í viðtali og fyrir hljóð- og afritun. Þeir gáfu einnig leyfi fyrir vettvangsathugunum og skjalagreiningu. Um leið og fyrstu drög urðu til fengu þátttakendur eða aðstandendur þeirra að lesa þau yfir og síðan jafnt og þétt eftir því sem greinarnar fóru að taka á sig mynd.

## **Þættir í þróun menntastefnu á Íslandi árin 1946–2013**

Þeir kennarar sem fjallað er um í ritinu hafa starfað við kennslu frá miðri 20. öld og eru sumir enn við kennslustörf við lok fyrsta fjórðungs 21. aldar. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í skólastarfi á Íslandi, bæði í kennsluháttum og aðbúnaði kennara og nemenda. Umræða um skólamál og nýjar hugmyndir um skóla- og fræðslumál hafa komið fram, meðal annars í tímaritunum *Menntamálum*, *Nýjum menntamálum*, *Uppeldi og menntun*, *Tímariti um menntamál*, *Netlu*, *Tímariti um uppeldi og menntun*, auk tímarita samtaka og fagfélaga kennara. Hér verður fjallað um ákvæði í lögum og námskrám fyrir skyldunámsskóla sem voru í gildi á þessum tíma. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þau viðmið sem sett voru af stjórnvöldum, birtust í námskrám og mótuðu starfsaðstæður kennara á þessum árum.

## **Fræðslulög og námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri**

Árið 1946 voru samþykkt fræðslulög frá Alþingi (nr. 34/1946) sem mörkuðu tímamót í fræðslumálum barna og ungmenna. Lögum var ætlað að mynda heildstætt skóla- og fræðsluferfi og komið var á fræðsluskyldu allra barna og unglunga frá 7 til 15 ára aldurs, sem var mikið framfaraskref á þeim tíma. Með fræðsluskyldunni var jafnræði til náms aukið og öll börn áttu að fá kennslu sem tæki mið af þroska þeirra og getu. Námskrá sem byggði á lögum frá 1946 tók gildi árið 1960 (Menntamálaráðuneytið, 1960). Í inngangi hennar var fjallað um mikilvægi þekkingar og að skólum bæri að efla nemendur til þroska. Í köflum um námsgreinar var talið upp hvað nemendum skyldi kennt og hvað þeir ættu að læra. Á þessum tíma var hefð fyrir að raða nemendum í bekkir eftir árangri á prófum en þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, hafnaði tillögum skólamálanefndar um að ákvæði um röðun yrði í námskránni. Áhugi skólafólks beindist að sérkennslumálum og í fjölmönnum skólum var börnum með sérþarfir víða skipað í fámenna bekkir og reyndir kennarar fengnir til að kenna þeim. Sálfræðiþjónusta við skóla var komið á í stærri sveitarfélögum og farið að ráða sérkennara þar sem þess var kostur (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

Skortur á námsefni hafði verið viðvarandi lengi og leitað var leiða til að styrkja Ríkisútgáfu námsbóka til að auka fjölbreytni í námsefnisgerð. Einn liður í því var að reka Skólavörubúðina í Reykjavík. Þar gátu skólar pantað margvísleg námsgögn, svo sem myndefni til vinnubókargerðar, nýjustu kennslutæki og annan skólabúnað. Áhugi kennara á fjölbreyttum kennsluháttum jókst á þessum árum og fræðslufirvöld styrktu einstaka kennara til að kynna sér kennsluhætti í nágrannalöndum okkar (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

## **Grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla**

Næsta skrefið í þróun skyldunámsskóla var árið 1974 þegar sett voru ný lög um grunnskóla (nr. 63/1974). Grunnskólalög takið kom í stað þess sem áður var kallað barna- og unglingskóli. Skólaskylda var lengd í níu ár (fyrir börn og unglunga á aldrinum 7–16 ára) og skólum var heimilt

að starfrækja forskólabekk fyrir 6 ára börn. Árið 1990 var skólaskyldan svo lengd í tíu ár (fyrir börn og unglínga á aldrinum 6–16 ára) með breytingu á lögnum (nr. 63/1974). Markmiðið um að öll börn og unglíngar skyldu fá kennslu eftir þroska sínum og getu var áréttað í grunnskólalögnum. Í lögnum voru jafnframt ákvæði um sérkennslu vegna skertrar námsgetu og félagslegra örðugleika og nýmæli var að sett var sérkennslureglugerð þar sem réttur fatlaðra barna til skólagöngu var áréttaður. Þá var í lögnum ákvæði um samræmt könnunarpróf við lok grunnskóla (Jón Torfi Jónasson, 2008).

Aðalnámskrá grunnskóla sem byggði á lögnum frá 1974 tók gildi árið 1976 (Menntamálaráðuneytið, 1976) og sáu námstjórar við skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytis um samningu hennar. Námskránni var skipt í hefti og fjallaði það fyrsta um ýmis kennslufræðileg atriði og almennt um skólastarf. Sérstök hefti voru um einstakar námsgreinar. Í almenna hlutanum var rætt um nemandann og þroska hans, námssamskipti og hlutverk kennarans og settar fram tillögur um úrbætur í skólastarfi með áherslu á virkni nemenda og hópvinnu. Rætt var um mat á skólastarfi og kom fram gagnrýni á þær leiðir sem farnar voru við það á þessum tíma. Tillögur voru settar fram um þætti sem þyrftu að leggja áherslu á, svo sem mat á námstækifærum nemenda, þátttöku nemenda í starfi skólans og ytri aðstæðum. Fjallað var um námsskipan þar sem lögð var áhersla á sveigjanlegt skólastarf með tilliti til samsetningar nemendahópa, samþættingu námsgreina, lengd kennslustunda, námsumhverfis, samvinnu kennara og kennsluhátta (Menntamálaráðuneytið, 1976). Lýðræðisleg og barnlæg jafnréttissjónarmið voru ríkjandi í námskránni en hún einkenndist einnig af tækni- og vísindahyggju og sýn á að umbætur í skólastarfi gætu stuðlað að framförum í samfélaginu. Lögð var áhersla á að nemendur þyrftu að framkvæma athuganir og tilraunir til að afla sér upplýsinga, lærðu þannig vinnubrögð og öðluðust þekkingu sem gæti nýst þeim í daglegu lífi og áframhaldandi námi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008a).

Þær umbótatillögur í skólastarfi sem þarna komu fram höfðu mikil áhrif á skólastarf þó þær hefðu líka mætt andstöðu og vakið deilur í samfélaginu. Námstjórar við skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytis voru ötulir við að halda námskeið fyrir kennara um nýtt námsefni og sveigjanlegt og samvirkt skólastarf. Opnir skólar urðu til og í mörgum skólum var tekið upp hálfopið og sveigjanlegt kennslurými. Svipaðir starfshættir höfðu áður mótast í nokkrum skólum að frumkvæði kennara og skólastjórnenda en ekki náð fótfestu víða þar sem opinberan stuðning vantaði (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008b).

Um 1980 hófst vinna við endurskoðun námskrárinnar og komu nú að henni, auk starfsfólks skólaþróunardeildar Menntamálaráðuneytis, fulltrúar foreldra, kennarasamtaka, Háskóla Íslands og Kennaraháskólans til að leggja áherslu á þann lýðræðislega grundvöll sem námskrá þarf að byggja á (Menntamálaráðuneytið, 1989). Námskráin kom út í einu hefti og voru sérstakir kaflar um hverja námsgrein. Í inngangskafli var fjallað um hlutverk og markmið grunnskólans, nám og kennslu, upphaf skólagöngu og framvindu náms. Í lokin var fjallað um aðra námsþætti, svo sem almenn mannréttindi og umhverfismennt, og einnig um skipulag og samvinnu í skólastarfi þar sem skólanámskrá, skólaþróun og samvinnu við heimili var gefið vægi. Námskráin markaði námsgreinum almennan ramma og gert var ráð fyrir að í skólanámskrám, eða starfsáætlun skóla, væri sett fram nánari útfærsla af starfsfólki skólanna um nám og kennslu (Menntamálaráðuneytið, 1989).

Fræðslustjórar í átta fræðsluumdæmum um allt land höfðu á þessum árum yfirumsjón með starfi skólanna og báru ábyrgð á að skólahald færi að lögum. Þörfin fyrir lengdan skólatíma, einsetinn skóla og samfelldan skóladag var orðin brýn, en ljóst að skólarnir voru illa undir það búnir, einkum varðandi húsnæði og annan aðbúnað (Rúnar Sigþórsson og Rósa Eggertsdóttir, 2008). Ný lög um grunnskóla voru sett 1991 (nr. 49/1991) og í þeim var ákvæði um að stefnt skyldi að því að hver grunnskóli yrði einsetinn og að nemendur skyldu eiga kost á máltíð í skóla. Í lögnum var í fyrsta sinn kveðið á um að reglulegur starfstími allra grunnskóla skyldi vera 9 mánuðir, frá 1. september til 31. maí ár hvert.

## **Rekstur grunnskóla færast til sveitarfélaga**

Árið 1995 varð grundvallarbreyting á rekstri skólanna þegar sett voru lög um grunnskóla þar sem

kveðið var á um að hann skyldi rekinn af sveitarfélögum (lög um grunnskóla nr. 66/1995). Skólinn skyldi vera einsetinn, skóladagurinn lengdur og gerður að samfelldum vinnudegi nemenda. Aukin áhersla var lögð á samræmt námsmat með ákvæði um samræmd próf fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk (auk samræmdra prófa við lok grunnskóla) og skólum skylt að innleiða aðferðir til að meta innra starf. Foreldraráð skyldi starfa við skólana, vera umsagnaraðili um skólanámskrá og fylgjast með framkvæmd hennar.

Ný námskrá sem byggði á lögnum frá 1995 tók gildi árið 1999 og á sama tíma komu einnig námskrár fyrir leikskóla- og framhaldsskólastigið. Sérstök hefti voru nú, líkt og 1976, fyrir hverja námsgrein, samtals 12 hefti. Í almenna hlutanum var fjallað um tengsl leikskóla og framhaldsskóla við grunnskólann (Menntamálaráðuneytið, 1999a). Grundvallarbreyting var á framsetningu námskrárinnar þar sem nú voru sett fram markmið í þremur flokkum í öllum námsgreinum; lokamarkmið, áfangamarkmið fyrir þrjú aldursstig og þrepamarkmið fyrir hvern árgang. Megináhersla var á að námsmarkmið væru sett fram á svo skýran hátt að þau nýttust sem viðmið í skólastarfi (Menntamálaráðuneytið, 1999a). Nýmæli var að sérstakt hefti var um upplýsinga- og tæknimennt fyrir grunnskóla og í því voru kaflar um tölvunotkun í grunnskóla, upplýsingamennt, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar auk hönnunar og smíði (Menntamálaráðuneytið, 1999b). Nýsköpun og hagnýting þekkingar, eða nýsköpunarmennt eins og námssviðið er nú kallað, virðist ekki hafa breiðst almennt út í grunnskólastarfi strax í kjölfar námskrárinnar 1999 (Svanborg R. Jónsdóttir, 2007). Áhrif námskrárinnar má þó sjá sem afbrigði nýsköpunarmenntar, ýmist sem vinnubrögð í öðrum námsgreinum eða sem sköpunarmiðjur (Svanborg R. Jónsdóttir o.fl., 2021).

Námskráin frá 1999 var endurskoðuð og tók almenni hlutinn gildi árið 2006 (Menntamálaráðuneytið, 2006) en heftin um námsgreinarnar árið 2007. Meðal helstu breytinga voru ný ákvæði sem ætlað var að stuðla að auknu sjálfstæði skóla, sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu, einstaklingsmiðun og samfelli í námi milli skólastiga. Tiltölulega litlar breytingar voru gerðar á heftunum um námsgreinar að öðru leyti en því að um hönnun og smíði var nú fjallað í sérstöku hefti.

## **Núgildandi lög um grunnskóla og námskrá byggð á þeim**

Grunnskólalögin sem nú gilda voru sett árið 2008. Skóli án aðgreiningar með jöfnum tækifærum til náms er nú bundinn í lög. Nemendur og foreldrar eiga fjölbreytta valkosti um tilhögun náms og val á grunnskólum. Skýrara er kveðið á um ábyrgð, réttindi og skyldur barna og foreldra en fyrr. Áhersla er lögð á að styrkja mat og eftirlit með skólastarfi. Stefnt er að því að auka þátttöku foreldra í skólastarfi og tryggja tengsl við stjórn skóla og skólasamfélagið (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Á grundvelli laganna var samin ný aðalnámskrá og kom almenni hluti hennar út árið 2011 en sá hluti sem fjallaði um námsgreinar og greinasvið árið 2013 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2013). Helstu nýmæli í þessari námskrá eru þau að settir eru fram sex grunnþættir menntunar, sem menntastefnan sem birtist í námskránni byggir á, og eru þeir leiðarljós við námskrárgerðina. Þeir eiga sér stoð í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og einnig er sótt til annarrar löggjafar um menntun og fræðslu í skólakerfinu. Grunnþættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að fléttast inn í allt skólastarf og eiga þeir að endurspeglast í starfsháttum skóla og skólabrag. Þættirnir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út þemahefti um grunnþættina til að auðvelda starfsfólki skóla að átta sig á inntaki þáttanna og flétta inn í skólastarf (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Önnur breyting varðaði framsetningu á viðmiðum um að hverju skyldi stefnt í námi nemenda. Í stað skilgreindra markmiða með náminu voru sett fram hæfniviðmið. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Hæfniviðmið voru sett fram, fyrir hverja námsgrein eða greinasvið, um hvað nemandi ætti að geta við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Auk þess voru sett fram matsviðmið fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni nemenda við lok grunnskóla og var matskvarði skilgreindur í fjórum flokkum, frá A–D. Þau eru lýsing á hve vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).



Sýn kennara á þessa nýju námskrá var ólík. Margir söknuðu nákvæmrar markmiðssetningar í námskránni frá 1999, sérstaklega þrepamarkmiðanna fyrir hvert námsár, en aðrir fögnuðu því hvernig hæfniviðmiðin voru sett fram og fannst þau ekki eins stýrandi og markmiðin frá 1999. Margir upplifðu matskerfið sem meginbreytingu og að það gerði kröfu um aukna faglega ábyrgð kennara (Meyvant Þórólfsson, 2019). Gert er ráð fyrir að skólar leggi áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum. Námsmati er því ekki einungis ætlað að veita upplýsingar um þá hæfni sem nemendur hafa á valdi sínu við lok hvers aldursstigs (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

## Dæmi um menntastefnu í framkvæmd

Mikið framfaraskref var stigið í mótun menntastefnu á Íslandi með fræðslulögunum 1946. Komið var á átta ára fræðsluskyldu, jafnræði til náms áréttað og sýn á að taka þyrfti mið af þroska og getu barna kom skýrt fram. Lengi hafði tíðkast að raða nemendum í bekki eftir námsárangri en fallið var frá að hafa ákvæði um það í námskránni sem tók gildi 1960. Í greininni um Jón Frey Þórarinsson kemur fram gagnrýni hans á röðun í bekki eftir námsárangri á þessum árum. Hann talaði líka um skort á námsefni sem hentaði börnum og því var full þörf á að styðja við útgáfu námsefnis líkt og fram hefur komið.

Með grunnskólalögunum 1974 voru tekin framfaraskref varðandi skólagöngu barna, skólaskyldu var komið á í níu ár og varð hún tíu ár árið 1990. Í námskránni sem sett var í kjölfar laganna var áhersla á nemandann og þroska hans en einnig á virkni, samvinnu nemenda og hlutverk kennarans. Sýn á að umbætur í skólastarfi, svo sem að verkleg vinnubrögð og upplýsingaöflun, gætu stuðlað að framförum í skólastarfi kom skýrt fram. Í grein um Hlín Helgu Pálsdóttur grunnskólakennara segir frá því hvernig hún nýtti náttúrufræðikennslu til að virkja þátttöku nemenda í eigin námi, skapa þeim aðstæður til að rannsaka umhverfi sitt, setja fram tilgátur og gera tilraunir til að kanna réttmæti þeirra. Ásta Egilsdóttir var bæði leik- og grunnskólakennari og kemur vel fram í frásögninni um hana hvernig hún fléttaði þekkingu sína og reynslu úr leikskólastarfinu saman við starfið í grunnskólanum þar sem hún lagði áherslu á að börnin fengju tækifæri til að læra í gegnum leik, námsstöðvar og sjónrænt skipulag. Ákvæði í námskránni frá 1976 endurspeglast skýrt í kennsluháttum þeirra Hlínar og Ástu.

Opnir skólar urðu til og í mörgum skólum var tekið upp hálfopið og sveigjanlegt skólastarf. Í grein um Margréti Einarsdóttur kemur fram að hún átti þátt í að móta opið námsumhverfi og skapandi skólastarf í nokkrum skólum allt frá því að hún kenndi við Dalvíkurskóla frá 1985 til dagsins í dag í grunnskólum í Reykjavík.

Námstjórar voru ötulir við að halda námskeið fyrir kennara um nýtt námsefni og sveigjanlegt og samvirkt skólastarf. Í greininni um Matthildi Guðmundsdóttir segir hún frá samstarfi sínu við námstjóra og þeim áhrifum sem það hafði á kennsluhætti hennar. Í greininni um myndmenntakennarann Guðrúnu Erlu Geirsdóttur segir frá að hún saknaði námskeiða um myndmennt sem haldin voru að frumkvæði námstjóra. Þau féllu niður þegar rekstur grunnskólanna fluttist til sveitarfélaganna.

Námskránni frá 1989 var ætlað að marka námsgreinum ákveðinn ramma, en gert ráð fyrir að nánari útfærsla kæmi fram í skólanámskrám og skólarnir hefðu um það nokkuð sjálfræði hvernig hún væri sett fram. Þetta nýtti Eyrún Óskarsdóttir sér. Sérsvið hennar var myndmennt og í frásögninni um hana má sjá hvernig hún nýtti þekkingu sína á því sviði sem bekkjarkennari í skapandi kennslu yngri barna.

Rekstur skólanna var á vegum ríkisins til ársins 1995 en þá tóku sveitarfélögin við honum. Foreldraráð skyldi starfa við skólana og fylgjast með framkvæmd skólanámskrár. Í grein um Kristjönu Skúladóttur kemur fram að hún lagði áherslu á gott samstarf við foreldra um nám nemenda sinna og kynnti þeim nálgun sína við stærðfræðikennslu sem mörgum var framandi.

Í námskránni frá 1999 var megináherslan á að námsmarkmið væru sett fram á svo skýran hátt að þau nýttust sem viðmið í skólastarfi. Í greininni um Guðrúnu Erlu myndmenntakennara kemur fram

að gildistaka aðalnámskrárinnar 1999 hafi haft mótandi áhrif á kennsluhætti hennar í myndmennt, þar sem lögð var áhersla á fagmiðaða kennsluhætti, og hafi þær áherslur fallið vel að starfskenningu Guðrúnar Erlu sem er menntaður myndlistarmaður. Nýsköpun og hagnýting þekkingar kom í fyrsta sinn fram í námskránni 1999 eins og áður var getið, en í greininni um Rósu Gunnarsdóttur er sagt frá vinnu hennar með það námssvið í framkvæmd í skólastarfi og helstu einkenni þess.

Í nágildandi námskrá eru ákvæði um leiðsagnarmat auk þess sem gert er ráð fyrir að kennarar leggi lokamat á hæfni nemenda við lok hvers aldursstigs. Í greininni um Lindu Heiðarsdóttur segir hún frá vinnu sinni með kennurum við að tileinka sér ákvæðin um námsmat í námskránni og hve lærdómsríkt það var fyrir hana að vinna að þróun námsmats í sínum skóla.

## Að lokum

Hluti þeirra kennara sem fjallað er um hefur þegar látið af störfum vegna aldurs. Allir nema einn þeirra hófu kennslu á 20. öldinni. Frásagnirnar eru því flestar um kennslu á síðari hluta 20. aldar og fyrsta fjórðungi þeirrar 21. Okkur finnst mikilvægt að skrá sögu þessara merku kennara svo þær falli ekki í gleyskunnar dá. Það er ekki síður mikilvægt að skrá sögu þeirra sem nú eru að störfum til að varpa ljósi á þá öflugu grósku sem fyrirfinnst í skólum landsins og segja frá því sem vel er gert. Það er von okkar að þetta rit verði fyrsta safnritið af mörgum um áhugaverða og framsækna grunnskólakennara á Íslandi.

## Heimildir

- Ahouanménou-Agueh, F. (2002). *Retrospective study on girls' education in Mali and the use of the simulation model for education management. A Women in development technical assistance project WID TEACH*. [https://pdf.usaid.gov/pdf\\_docs/Pnade343.pdf](https://pdf.usaid.gov/pdf_docs/Pnade343.pdf)
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A Practical guide for beginners*. Sage.
- Caine, V., Estefan, A. og Clandinin, D. J. (2013). A return to methodological commitment: Reflections on narrative inquiry. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 57(6), 574–586. <https://doi.org/10.1080/00313831.2013.798833>
- Clandinin, D. J. (2006). Narrative inquiry: A methodology for studying lived experience. *Research Studies in Music Education*, 27(1), 44–54. <https://doi.org/10.1177/1321103X060270010301>
- Clandinin, D. J. (2013). *Engaging in narrative inquiry*. Left Coast Press.
- Dalmau, M. C. og Hafdís Guðjónsdóttir. (2017). From the beginning to the future: The professional working theory emerging. Í M. C. Dalmau, Hafdís Guðjónsdóttir og Deborah Tidwell (ritstjórar), *Taking a fresh look at education: Framing professional learning in education through self-study* (bls. 129–148). Sense.
- Glewwe, P., Kremer, M., Moulin, S. og Zitzewitz, E. (2004). Retrospective vs. prospective analyses of school inputs: The case of flip charts in Kenya. *Journal of Development Economics*, 74(1), 251–268. <https://doi.org/10.1016/j.jdeveco.2003.12.010>
- Háskóli Íslands. (2019). *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Í þröngum stakki. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 66–80). Háskólaútgáfan.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008a). Aðalnámskráin 1976–1977 og nútímaleg kennslufræði. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 120–135). Háskólaútgáfan.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008b). Átök um menntaumbætur. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 138–153). Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). Grunnskóli verður til. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 102–117). Háskólaútgáfan.

- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (3. útgáfa). Sage.
- Lög um fræðslu barna nr. 34/1946.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974. <https://timarit.is/page/4561589#page/n24/mode/2up>
- Lög um grunnskóla nr. 49/1991. <https://www.althingi.is/lagas/120a/1991049.html>
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995. <https://www.althingi.is/lagas/135a/1995066.html>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>
- McMillan Culp, K., Honey, M. og Mandinach, E. (2005). A retrospective on twenty years of education technology policy. *Educational Computing Research*, 32(3), 279–307. <https://doi.org/10.2190/7W71-QVT2-PAP2-UDX7>
- Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri*.
- Menntamálaráðuneytið. (1976). *Aðalnámskrá grunnskóla*.
- Menntamálaráðuneytið. (1989). *Aðalnámskrá grunnskóla*.
- Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/AGalmennurhluti.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla: Upplýsinga og tæknimennt*. [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/AGuppl\\_tækni.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/AGuppl_tækni.pdf)
- Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf/agalmennurhluti\\_2006.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf/agalmennurhluti_2006.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>
- Meyvant Þórólfsson. (2019). Álitamál tengd innleiðingu hæfnimiðaðs námsmats í skyldunámi. *Sérít Netlu 2019 – Menntakvika 2019*. [http://netla.hi.is/serrit/2019/menntakvika\\_2019/03.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2019/menntakvika_2019/03.pdf)
- Rúnar Sigþórsson og Rósa Eggertsdóttir. (2008). Skólaþróun og skólamenning. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 295–311). Háskólaútgáfan.
- Svanborg R. Jónsdóttir. (2007). Nýsköpunarmennt í íslenskum grunnskólum. *Uppeldi og menntun*, 16(1), 53–71. <https://timarit.is/page/5016311#page/n52/mode/2up>
- Svanborg R. Jónsdóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir, Svala Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson. (2021). Sköpunar- og tæknismiðjur í þremur grunnskólum: Framkvæmd og kennslufræði fyrstu skrefin. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/09.pdf>
- Tierney, W. G. og Lanford, M. (2019). *Life history methods*. Sage. <https://doi.org/10.4135/9781526421036750846>



Hafðís Guðjónsdóttir, Jónína Vala Kristinsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir. (2023).

Inngangur að riti um grunnskólakennara

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2023 – Þau skiptu máli: Sögur grunnskólakennara

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2023/sogur\\_grunnskolakennara/01.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2023/sogur_grunnskolakennara/01.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.12>